RSK RÍKISSKATTSTJÓRI

# Skattframtal óskattskyldra lögaðila 2019

| Skattframtalið berist | |
|---|---|
| Ríkisskattstjóra<br>Laugavegi 166<br>105 Reykjavík | |
| 0020 Kennitala | |
| 0030 Sveitarfélag | |
| 0220 Virðisaukaskattsnúmer | |
| 0200 ÍSAT númer / atvinnugrein | |
| Nafn - póstfang | |
| 0210 Leiðrétt ÍSAT númer / atvinnugrein | |

## Launagreiðslur / Launaframtal

| | | |
|---|---|---|
| **Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu** (reitir 9625+9715 á bls. 2) | 0980 | |
| **Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu** (reitur 9650 á bls. 2) | 0981 | |
| **Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu** (reitur 9735 á bls. 2) | 0984 | |
| **Stofn til fjársýsluskatts utan staðgreiðslu** | 0986 | |

## Fjármagnstekjur

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og gengishagnaður (reitir 30+31 á bls. 3) | 0931 | |
| Arður af hlutabréfum (reitir 32+36 á bls. 3) | 0933 | |
| Hagnaður af sölu hlutabréfa (reitur 33 á bls. 3) | 0935 | |
| Mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna skv. skýringum í athugasemdakafla (reitur 34 á bls. 3) | 0937 | - |
| **Stofn til skatts á fjármagnstekjur** | 0955 | = |

| | | |
|---|---|---|
| Staðgreiðsla fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum og arði (reitir 89+91+92 á bls. 3) | 9020 | |

## Aðrir gjaldstofnar

| | | |
|---|---|---|
| **Stofn til jöfnunargjalds alþjónustu** (hjá fjarskiptafyrirtækjum) | 0985 | |

## Tekjur

| | | |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattsskyld sala 24% | 1017 | |
| Virðisaukaskattsskyld sala 11% | 1027 | |
| Velta undanþegin virðisaukaskatti (12. gr.) s.s. útflutningur á vöru og þjónustu | 1030 | |
| Starfsemi undanþegin virðisaukaskatti (2. gr.) s.s. heilbrigðisþjónusta, félagsleg þjónusta, kennsla, íþróttir, almenningssamgöngur o.fl. | 1040 | |
| Aðrar tekjur | 1060 | |
| **Tekjur samtals** | 1090 | = |

## Athugasemdir

| Dagsetning og undirskrift | Netfang |
|---|---|
| | |

# Launaframtal 2019 – Launagreiðslur 2018

## Stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu

| | | | |
|---|---|---|---|
| Laun | | 9600 | + |
| Ökutækjastyrkir | | 9603 | + |
| Önnur laun | | 9606 | + |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | | 9612 | + |
| Reiknuð hlunnindi | | 9615 | + |
| Staðgreiðsluskyldir dagpeningar | | 9618 | + |
| Leiðrétting á stofni til tryggingagjalds | | 9621 | +/- |
| Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með A1 vottorð (samtala í reit 9715) | | 9623 | - |
| **Stofn til almenns tryggingagjalds í staðgreiðslu** | | 9625 | = |

## Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu

| | | |
|---|---|---|
| Laun undanþegin staðgreiðslu | 9630 | + |
| Reiknuð hlunnindi | 9636 | + |
| **Stofn til tryggingagjalds utan staðgreiðslu** | 9650 | = |

| | | |
|---|---|---|
| **Stofn til fjársýsluskatts utan staðgreiðslu** | 0986 | = |

## Sundurliðun eftir mánuðum á stofni til tryggingagjalds í staðgreiðslu

| | | Almennar launagreiðslur | | Erlendir starfsmenn | | Sjómennska á fiskiskipum | | Stofn til fjársýsluskatts í staðgreiðslu | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Janúar | + | 9661 | | 9701 | | 9681 | | 9721 | |
| Febrúar | + | 9662 | | 9702 | | 9682 | | 9722 | |
| Mars | + | 9663 | | 9703 | | 9683 | | 9723 | |
| Apríl | + | 9664 | | 9704 | | 9684 | | 9724 | |
| Maí | + | 9665 | | 9705 | | 9685 | | 9725 | |
| Júní | + | 9666 | | 9706 | | 9686 | | 9726 | |
| Júlí | + | 9667 | | 9707 | | 9687 | | 9727 | |
| Ágúst | + | 9668 | | 9708 | | 9688 | | 9728 | |
| September | + | 9669 | | 9709 | | 9689 | | 9729 | |
| Október | + | 9670 | | 9710 | | 9690 | | 9730 | |
| Nóvember | + | 9671 | | 9711 | | 9691 | | 9731 | |
| Desember | + | 9672 | | 9712 | | 9692 | | 9732 | |
| **Samtals** | = | 9675 | | 9715 | | 9695 | | 9735 | |

**Almennar launagreiðslur:** Launagreiðslur ársins, aðrar en þær sem á að skrá í dálk 2. Summan úr þessum dálki (reitur 9675) á að stemma við tryggingagjaldsstofn sem fram kemur í reit 9625 hér fyrir ofan.

**Erlendir starfsmenn:** Launagreiðslur til erlendra starfsmanna með A1 vottorð.

**Sjómennska á fiskiskipum:** Sjómannslaun á að skrá í dálk 3, en þau eiga einnig að vera innifalin í því sem skráð er í dálk 1 (eða eftir atvikum dálk 2).

**Launagreiðslur:** Með launagreiðslum er hér átt við laun, greiðslur og hlunnindi starfsmanna, svo og ökutækjastyrki, mótframlag í lífeyrissjóð og staðgreiðsluskylda dagpeninga, þ.e. allar greiðslur sem mynda stofn til tryggingagjalds í staðgreiðslu.

**Fjársýsluskattur:** Þeir framteljendur sem skattskyldir eru til fjársýsluskatts skv. lögum nr. 165/2011 (vátryggingafélög og aðilar í fjármálastarfsemi og verðbréfaþjónustu) skulu gera grein fyrir stofni til fjársýsluskatts og sundurliðun hans eftir mánuðum.

# Greinargerð um fjármagnstekjur ársins 2018

## 1 Vaxtatekjur af verðbréfum og kröfum. Innlendar innstæður.

| | | Staðgreiðsla | | Vaxtatekjur | Eign í árslok |
|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og staðgreiðsla skv. RSK 3.15 | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| **Samtals** | 89 | | 30 | | |

## 2 Gengishagnaður og aðrar vaxtatekjur af kröfum og inneignum í erlendri mynt

| | | Staðgreiðsla | | Vaxtatekjur | Eign í árslok |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| | | | | | |
| | | | | | |
| **Samtals** | 91 | | 31 | | |

## 3 Hlutabréf og stofnfjárbréf sparisjóða

| Kennitala | Nafn félags/sparisjóðs | | Staðgreiðsla | | Arður | Eign í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| | | | | | | |
| **Samtals** | | 92 | | 32 | | |

## 4 Hlutafé í erlendum hlutafélögum

| Nafn hlutafélags | Land | | Arður | Eign í árslok |
|---|---|---|---|---|
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| | | | | |
| **Samtals** | | 36 | | |

## 5 Söluhagnaður af hlutabréfum

| | | Söluhagnaður |
|---|---|---|
| Hagnaður af sölu hlutabréfa | 33 | |

## 6 Frádráttur

| | | Frádráttur |
|---|---|---|
| Mótreikningur vegna tapaðra fjármagnstekna skv. skýringum í athugasemdakafla | 34 | |

| | |
|---|---|
| **Fjármagnstekjur samtals** - færist í reit 0955 á forsíðu | = |

# Félög undanþegin tekjuskatti

Félög/stofnanir sem njóta undanþágu frá tekjuskatti, skv. 4. gr. tekjuskattslaga (þó **ekki** félög í 4. tl. 4. gr.), eiga ekki að skila hefðbundnu skattframtali skattskyldra lögaðila á forminu RSK 1.04. Þau geta þó eftir sem áður þurft að skila margvíslegum gögnum til skattyfirvalda.

Á eyðublaði **RSK 1.06, Skattframtal óskattskyldra lögaðila**, eiga að koma fram allir þeir gjaldstofnar sem slík óskattskyld félög geta átt að gera grein fyrir og skila til skattyfirvalda.

**Skattframtali óskattskyldra lögaðila RSK 1.06 skal almennt skila rafrænt á þjónustusíðu framteljanda á www.skattur.is.**

## Kaflar í framtali RSK 1.06:

### Forsíða framtals

Hérna koma fram grunnupplýsingar um framteljanda; nafn, kennitala, heimilisfang og sveitarfélag. Einnig koma hér fram allir gjaldstofnar og upplýsingar um afdregna staðgreiðslu af fjármagnstekjum.

### Launagreiðslur (launaframtal)

Þennan kafla þarf að fylla út ef félagið hefur greitt laun eða aðrar tryggingagjaldsskyldar greiðslur á árinu. Á launaframtali eru leiddir út stofnar til tryggingagjalds og eftir atvikum fjársýsluskatts. Stofna til tryggingagjalds (og fjársýsluskatts) skal flytja á forsíðu framtalsins.

### Greinargerð um fjármagnstekjur

Þennan kafla þarf að fylla út hafi félagið haft arð af hlutabréfum, hagnað af sölu hlutabréfa gengishagnað eða vaxtatekjur. Algengt er t.d. að sveitarfélög hafi slíkar tekjur.

Undanþága félaga frá tekjuskatti nær ekki til allra fjármagnstekna. Hafi félagið haft arð af hlutabréfum, hagnað af sölu hlutabréfa, gengishagnað eða vaxtatekjur, skal gera grein fyrir þeim tekjum í kaflanum „Greinargerð um fjármagnstekjur". Þær mynda stofn til skatts á fjármagnstekjur, sem er 22% tekjuskattur.

Aðrar fjármagnstekjur, þ.e. leigutekjur og söluhagnaður, annar en af hlutabréfum, mynda ekki skattstofn hjá þessum félögum. Þær tekjur á því ekki að setja á framtal.

Hafi félag/stofnun ekki haft aðrar fjármagnstekjur en arð eða staðgreiðsluskyldar vaxtatekjur og hafi staðgreiðsla verið réttilega ákvörðuð og haldið eftir af þeim tekjum, teljast það fullnaðarskil. Þá er ekki nauðsynlegt að fylla út kaflann „Fjármagnstekjur". **Hafi slík félög (t.d. húsfélög) ekki aðrar tekjur en vaxtatekjur (af bankareikningum) sem staðgreiðsla hefur réttilega verið dreginn af, þurfa þau því ekki að skila inn skattframtali RSK 1.06. Undanþága þessarar málsgreinar nær þó ekki til félags/stofnunar/sveitarfélags sem greiðir laun eða hefur virðisaukaskattsskylda starfsemi og þarf þegar af þeim ástæðum að skila framtalinu.**

Sé um að ræða gengishagnað eða vaxtatekjur af kröfum í eigin innheimtu eða aðrar vaxtatekjur eða arð sem ekki hefur verið skilað staðgreiðslu af, ber að gera grein fyrir þeim á þessu framtali og greiða 22% tekjuskatt af þeim tekjum eftir álagningu. Einnig ef um er að ræða hagnað af sölu hlutabréfa.

## Önnur eyðublöð:

### Búrekstur

Ef um er að ræða bústofn skal fylla út bústofnstöflu af eyðublaði RSK 4.08 og láta fylgja með, ef skilað er á pappír. **Í rafrænum skilum á RSK 1.06 er bústofnstaflan innbyggð í framtalið.**

### Virðisaukaskattur

Hafi félagið verið með virðisaukaskattsskylda starfsemi á árinu **ber** að skila skattframtali **RSK 1.06** og með því **samanburðarskýrslu virðisaukaskatts RSK 10.25**. Hafi verið notuð fleiri en eitt vsk-númer þarf að skila einu blaði fyrir hvert númer.

Ef fram kemur mismunur á samanburðarskýrslu ber einnig að skila **leiðréttingarskýrslu virðisaukaskatts RSK 10.26**.

Félög með blandaða starfsemi (eru bæði í vsk-skyldri starfsemi og starfsemi undanþeginni vsk.) þurfa að skila **afstemmingarblaði RSK 10.27** með framtali sínu.

### Greidd leiga

Hafi félagið innt af hendi greiðslur á árinu fyrir afnot eða leigu af lausafé og fasteignum, eða afnot af hvers kyns réttindum, þá skal skila **greiðslumiða RSK 2.02** með framtalinu vegna slíkra greiðslna, hafi ekki þegar verið skilað launamiða vegna þeirra.

### Greiðsluyfirlit

Hafi félagið innt af hendi hvers kyns greiðslur til erlendra aðila, skv. 3. eða 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2003, þá skal skila með framtalinu **greiðsluyfirliti RSK 2.025** vegna slíkra greiðslna.

### Fylgiskjöl vegna fjármagnstekna

Sé um sölu eða innlausn verðbréfa að ræða á árinu skal skila með eyðublaði **RSK 3.15 Sala/innlausn verðbréfa** vegna þess. Fjárhæðir vaxtatekna og staðgreiðslu af því blaði skal færa í kaflann „Greinargerð um fjármagnstekjur" á RSK 1.06 framtalinu.